Landspítali - háskólasjúkrahús
Lyflækningasvið II
Starfslýsing

Starfsheiti:	**Yfirlæknir lyflækninga krabbameina.**
Menntun og hæfi:	**Sérfræðimenntun í krabbameinslækningum eða í lyflækningum krabbameina. Reynsla í stjórnun og vísindavinnu.**
Rekstrarlegur yfirmaður:	**Sviðsstjóri lyflækningasviðs II.**
Læknisfræðilegur yfirmaður:	**Lækningaforstjóri.**
Fylgiskjal:	**Samkomulag um starfssvið yfirlækna á krabbameinsdeildum.**

Almennt ábyrgðarsvið:
Yfirlæknir í lyflækningum krabbameina starfar samkvæmt stjórnskipulagi LSH. Starfið er fullt starf og er starfað eftir fastlaunasamningi samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra hverju sinni. Hann ber ábyrgð gagnvart forstjóra LSH, lækningaforstjóra LSH og sviðsstjóra lyflækningasviðs II.
Yfirlæknirinn skal vinna að markmiðum spítalans í hvívetna og taka tillit til þarfa spítalans í heild sem og deildarinnar. Hann skal sérstaklega hafa í huga þríþætt hlutverk spítalans hvað varðar þjónustu við sjúklinga, kennslu heilbrigðisstétta og vísindarannsóknir. Hann skipar staðgengil sinn úr hópi sérfræðinga deildarinnar hverju sinni í fjarvistum sínum. Hvað varðar starfssvið yfirlæknis lyflækninga krabbameina og yfirlæknis geislameðferðardeildar vísast í fylgiskjal með starfslýsingu þessari.

Hlutverk yfirlæknis í lyflækningum krabbameina er:
1. Að bera faglega ábyrgð á þeirri læknisþjónustu sem veitt er á deildinni sbr. 29. gr. laga nr. 90/1990 um heilbrigðisþjónustu. Hann skal í þessu sambandi deila ábyrgð með sviðsstjóra hvað varðar rekstrarlega framkvæmd, samræmingu við aðrar einingar lyflækningasviðs II sem og heildarstefnu spítalans.
2. Að stuðla að framþróun deildarinnar með því að móta stefnu og setja markmið fyrir lyflækningar krabbameina á LSH í samvinnu við sviðsstjóra.
3. Að bera ábyrgð á að læknisþjónusta við sjúklinga og aðstandendur þeirra sé eins og best verður á kosið. Hann beitir sér fyrir því að almenn samskipti starfsmanna grundvallist á virðingu fyrir skoðunum og tilvist annarra. Hann leitast við að hafa sem besta samvinnu við aðrar einingar og deildir sem koma að meðferð sjúklinga með krabbamein. Hann skal stuðla að virkri samvinnu við aðrar sérgreinar meðal annars með þátttöku lækna deildarinnar í klínískum fundum þar sem lögð er áhersla á að leysa vandamál einstakra sjúklinga með teymisvinnu viðeigandi sérgreina.

4. Að vera yfirmaður þeirra lækna sem starfa á deildinni og bera ábyrgð á ráðningu þeirra í samráði við sviðsstjóra.
5. Ef sviðsstjóri kýs að framselja að einhverju leyti rekstrarlega ábyrgð til yfirlæknis ber hann ábyrgð hvað þetta varðar gagnvart sviðsstjóra.
6. Yfirlæknir getur framselt umsjón með ákveðnum faglegum þáttum starfseminnar til annarra lækna og bera þeir eftir það ábyrgð á þeim hluta starfseminnar gagnvart yfirlækni. Þetta skal þá gert formlega með bréfi og í samráði við lækningaforstjóra og sviðsstjóra tilkynnt um skipan mála.
7. Yfirlæknirinn stuðlar að því að aðstaða til kennslu og vísindarannsókna sé sem best og gætir þess að hlutverki spítalans sem háskólasjúkrahúss sé vel og faglega sinnt með öflugri kennslu og vísindastarfi. Hann skal sjá til þess að starfsmenn Krabbameinsmiðstöðvar LSH hafi greiðan aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám deildarinnar í samræmi við stofnskrá Krabbameinsmiðstöðvarinnar.
8. Yfirlæknirinn ber ábyrgð á allri meðferð sem lýtur að lyflækningum krabbameina á LSH og að sú meðferð sé eins og best gerist. Hann skal hafa forgöngu um gerð klínískra leiðbeininga er varða lyflækningar krabbameina í samvinnu við aðra sérfræðinga í greininni. Klínískar leiðbeiningar verði unnar í samvinnu við Krabbameinsmiðstöð LSH enda það er hlutverk Krabbameins-miðstöðvarinnar að aðstoða við gerð þeirra samkvæmt stofnskrá hennar.
9. Yfirlæknirinn ber ábyrgð á því að gæðaeftirlit á deildinni sé í samræmi við stefnu LSH þar að lútandi.

Reykjavík, 10.10.2001

Sigurður Björnsson yfirlæknir	Vilhelmína Haraldsdóttir sviðsstjóri lyflækningasviðs II

Jóhannes M. Gunnarsson
lækningaforstjóri

SKRIFSTOFA LÆKNINGAFORSTJÓRA
Eiríksgata 5 • 101 Reykjavík • Sími 560 2303 • Fax 552 0285 • Netfang: jgunnars@landspitali.is • www.landspitali.is